

Nd.

136. Frumvarp til laga

[72. mál]

um breyting á lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Birgir Finnsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef fjárhagur sjóðsins leyfir, er enn fremur heimilt að veita framangreindum aðilum lán úr sjóðnum með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 12 frá 1952 var svo ákveðið, að frá 1. jan. 1953 skyldi erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30 frá 1921 og arfur samkv. erfðalögum renna í sérstakan sjóð, erfðafjár sjóð. Sjóðurinn yrði í vörslum Tryggingastofnunar ríkisins. Fé því, sem rynnir í sjóðinn, skyldi varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra kæmi að sem fyllstum notum. Heimilað var samkv. lögnum að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en samanlagðar upphæðir lána og styrkja máttu þó eigi fara fram úr $\frac{2}{3}$ af stofnkostnaði. Þá var tekið fram í lögnum, að félagsmálaráðherra tæki ákvarðanir um lánveitingar og styrkveitingar úr sjóðnum, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins.

Með lögum þessum var ætlunin að hjálpa öryrkjum og gamalmönnum til þess að geta stundað vinnu við sitt hæfi og bæta þannig úr brýnni þörf.

Um áramótin 1958—1959 höfðu verið veittir styrkir úr sjóðnum að fjárhæð kr. 115000.00 og lán kr. 803000.00. Eignir hans námu þá kr. 5983914.00. Fjárhagur hans mun því vera góður, og má telja víst, að sjóðurinn komi til með að vaxa ört á næstu árum, þar sem honum eru tryggðar fastar og öruggar tekjur.

Eins og allir vita, vantar víða dvalarheimili fyrir aldrað fólk, sem ekki getur stundað neina vinnu. Kostnaðarsamt er að koma upp slíkum stofnunum og ofviða fyrir flest bæjar- og sveitarfélög, nema þau geti fengið til þess hagstæð lán til margra ára.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framvegis verði einnig heimilað að lána úr sjóðnum til slíkra bygginga (elliheimila), eftir því sem fjárhagur hans leyfir hverju sinni. Með því er síður en svo ætlazt til þess, að dregið verði úr stuðningi sjóðsins við öryrkjana, enda á valdi félagsmálaráðherra, eftir að hann hefur aflað sér álit Tryggingastofnunar ríkisins, að meta aðstæður lánbeiðenda og getu sjóðsins til lánveitinga.